



Sveitafélagið Árborg  
Bt. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 12. febrúar 2018

### Efni: Staðfesting á fjármögnun Sigtúns þróunarfélags ehf.

Óskad var eftir að PwC yfirsæri þau gögn sem framkvæmdaaðilar hafa lagt fram í tengslum við fjármögnun á 1. áfanga um skipulag og uppbyggingu í miðbæ Selfoss og staðfesta hvort ákvæði 7. gr. „Samkomulags um uppbyggingu alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðapjónustu í miðbæ Selfoss“ teljist uppfyllt.

#### Áætlaður framkvæmdakostnaður

Samkvæmt fyrilliggjandi kostnaðaráætlun frá VSÓ ráðgjöf er áætlað að fyrsti áfangi verkefnisins muni kosta 1.429 m.kr. með VSK en áætlunin byggir meðal annars á rammasamningi við JÁ verk um byggingarframkvæmdir og tilboði Borgarverks í jarðvinnu- og gatnaframkvæmdir.

#### Fjármögnun

Samkvæmt þeim gönum sem okkur hafa verið afhent hefur fjármögnun að fjárhæð 1.454 m.kr þegar verið tryggð í samræmi við töfluna hér að neðan.

#### Fjármögnun 1. áfanga

##### Fjárhæðir í m.kr.

Láanalína frá Landsbankanum	900
Eiginfjárframlag	554
Samtals	1.454

Í tengslum við staðfestingavinnu PwC höfum við fengið afhent skjöl til staðfestingar á eftirfarandi:

- Fyrir liggur undirrituð staðfesting frá Landsbankanum um að Sigtún þróunarfélag ehf. fái 900 m.kr. að láni vegna 1. áfanga nýs miðbæjar á Selfossi.
- Eiginfjárframlag hluthafa Sigtúns þróunarfélags ehf. sem notað verður til fjármögnunar á 1. áfanga nemur 554 m.kr. Þar af eru 539 m.kr. greiddar með peningum en 15 m.kr. með skuldajöfnun á þegar unnu vinnuframlagi.

EKKI var horft til endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem hluta af fjármögnun Sigtúns á 1. áfanga sem áætlaður er um 184 m.kr. samkvæmt framlögðum útreikningum.

#### Niðurstöða

Miðað við framlögð gögn hefur Sigtún þróunarfélag ehf. sýnt fram á fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda 1. áfanga við uppbyggingu alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðapjónustu í miðbæ Selfoss og þar með uppfyllt téð ákvæði 7. gr. samkomulagsins við Sveitafélagið Árborg.

  
Guðmundur Snorrason  
löggiltur endurskoðandi

  
Sigrður Óli Sigurðarson  
Sviðstjóri fyrirtækjaráðgjafar